



**20. Fundur byggðaráðs Blönduósbæjar
fimmtudaginn 19. febrúar 2015, kl. 17:00.**

Arnar Þór Sævarsson, sveitarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 5. janúar 2015
 - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. janúar 2015
 - c) Stjórnar SSNV frá 21. janúar 2015
 2. Erindi frá Fræðslunefnd Blönduósbæjar frá 16. febrúar 2015
 3. Bréf frá Ásgerði Pálsdóttur dags. 30. janúar 2015
 4. Ísmót Svínvatn 2015
 5. Önnur mál
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

- a) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 5. janúar 2015
Lögð fram til kynningar
- b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. janúar 2015
Lögð fram til kynningar
- c) Stjórnar SSNV frá 21. janúar 2015
Lögð fram til kynningar

2. Erindi frá Fræðslunefnd Blönduósbæjar frá 16. febrúar 2015

Á fundi fræðslunefndar 4. nóvember 2014 kom upp umræða um að misvísandi upplýsingar væru á annars vegar heimasíðu leikskólans og hins vegar heimasíðu Blönduósbæjar. Í því ljósi hefur Fræðslunefnd Blönduósbæjar samþykkt drög að tillögu að nýjum reglum leikskólans og leggur til að reglurnar verði teknar til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjóra falið að óska eftir nánari upplýsingum og kostnaðarmati frá leikskólastjóra vegna tillagnanna.

3. Bréf frá Ásgerði Pálsdóttur dags. 30. janúar 2015



Óskað er eftir svörum frá sveitarstjórnarmönnum í Blönduósbæ hvort að það hafi verið rætt eða sett á áætlun framkvæmdir í því skyni að leggja hitaveitu í þann hluta sveitarfélagsins sem nýtur hennar ekki og í annan stað hvort ekki séu uppi nein áform um lagningu ljósleiðara í dreifbýli sveitarfélagsins.

Bréfitara er þakkað erindið. Sjálfsagt er að kanna hvort Rarik og/eða Húnavatnshreppur hafi uppi áform um hitaveituframkvæmdir sem samlegðaráhrif gætu gert að álitlegum kosti fyrir íbúa Blönduósbæjar í dreifbýli. Með sama hætti er sjálfsagt að fylgjast með þróun mála á sviði fjarskiptabjónustu á landsbyggðinni. Vekja má athygli á að íbúar í þéttbýli Blönduósbæjar eru ekki með ljósleiðaratengingu.

4. Ísmót Svínavatn 2015

Laugardaginn 28. febrúar 2015 verður haldið ísmót Svínavatn 2015 á Svínavatni í Austur-Húnavatnssýslu. Mótsnefnd ísmótsins Svínavatn 2015 hefur ákveðið að bjóða sveitarfélaginu að gerast styrktaraðili og taka þannig þátt í að gera mótið sem glæsilegast.

Byggðaráð samþykkir samtals kr. 25.000 styrk vegna Ísmótsins Svínavatn 2015. Byggðaráð beinir þeim tilmælum til Hestamannafélagsins Neista að sækja um styrk vegna ísmóts að hausti eins og aðrir styrkumsækjendur.

5. Önnur mál

a) Kaupsamningur vegna Árbakkans

Sveitarstjóri lagði fram kaupsamning vegna Árbakkans.

Byggðaráð samþykkir kaupsamninginn og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

b) Erindi frá AA-Blönduósi

Óskað er eftir styrk vegna reksturs AA-hússins á Blönduósi.

Byggðaráð samþykkir kr. 45.000 styrk. Byggðaráð beinir þeim tilmælum til forsvarsmanna AA á Blönduósi að sækja um styrk vegna starfsemi félagsins í tengslum við fjárhagsáætlun eins og aðrir styrkumsækjendur.

Fundi slitið 19:25

Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Guðmundur Haukur Jakobsson (sign.)
Hörður Ríkhartósson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign)